

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingar fyrir Tjarnartún, Svalbarðsstrandarhreppi.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 3. september 2018 breytingu á deiliskipulagi Valsárhverfis á Svalbarðseyri. Breytingin snýr að lóðum við Tjarnartún og felst í því að byggingarreitum lóða nr. 4 og 6 er breytt, byggingarreit fyrir rafveituskúr sunnan lóðar nr. 2 er bætt við skipulag og íbúðarlóð nr. 12 norðan lóðar nr. 10 er bætt við skipulag. Breytingin telst óveruleg með tilliti til gr. 5.8.2. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 43. og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

F.h. Svalbarðsstrandarhrepps, 4. febrúar 2019,

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. febrúar 2019